

Reykjavík, 4. október 2023

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b.t. Teits Björns Einarssonar, formanns

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald nr. 138/2013, þingskjal 104 – 104. mál.**

Bændasamtökin fagna umræddu frumvarpi og taka undir þá staðhæfingu að um sé að ræða úrelta og óþarfa skattlagningu og þá sérstaklega í því samhengi þegar einstaklingar kaupa sér lögbýli. Telja samtökin þetta vera eitt jákvætt skref í áttina að því að auðvelda nýliðun í landbúnaði, létta undir með bændum og koma til móts við fólk sem vill hefja búskap. Jafnframt telja samtökin að frumvarpið samræmist vel markmiðum landbúnaðarstefnu stjórnvalda.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur